

3. Vatnssala samkvæmt uppsettum mæli:

Fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 1.20.

Ársleiga fyrir mæla:

Stærð	mælis	5—10	m ³ /kls.	kr. 250.00
—	—	10—20	—	— 300.00
—	—	20—50	—	— 500.00
—	—	50—100	—	— 700.00

4. Vatnssala til skipa. Fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 15.00.

Sé vatn afgreitt í nætur- eða helgidagavinnu er afhendingarmanni heimilt að taka sérstaka þóknun.

5. Tengigjald. Kr. 1 000.00.

6. Enduropnun heimæða. Kr. 200.00.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júlí 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um ávana- og fíkniefni.

Samkvæmt 4. gr. laga um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., nr. 14 20. júní 1923, sbr. lög nr. 43 2. maí 1968 um breyting á þeim lögum, er hér með úrskurðað, að ákvæði nefndra laga gildi um eftirtalin efni, auk lyfja og efna þeirra, sem falla undir 1. og 2. gr. laganna, þar sem sannað er við vísindalega rannsókn, að þau má misnota eða hafa lík skaðvænleg áhrif sem efni þau, sem nefnd eru í 2 gr.:

Kannabis (marihuana), lyselgið (LSD), meskalín (peyote) og psilócybin, svo og hvers konar blöndur og samsetningar, sem þessi efni hafa að geyma.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 14. október 1969.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.